

29. janúar 1985

145

Nr. 67

6. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Bessastaðahrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 29. janúar 1985.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

29. janúar 1985

Nr. 68

SAMÞYKKT

um holræsa- og rotþróargjöld í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Holræsa- og rotþróargjöld skal vera 0,05% af fasteignamati húseigna í Bessastaðahreppi og 0,025% af fasteignamati húseigna í Bessastaðahreppi.

Þessir tveir gjaldstofnar leggjast aldrei báðir á sömu fasteign.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Bessastaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. janúar 1985.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

29. janúar 1985

Nr. 69

SAMÞYKKT

um sorphreinsgjald á Selfossi fyrir árið 1985.

1. gr.

Sorphreinsgjald á Selfossi fyrir notanda, sbr. 2. gr. samþykktar um sorphreinsun á Selfossi frá 11. mars 1983, skal vera kr. 375,00 fyrir árið 1985.

2. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Selfoss staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 29. janúar 1985.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.